# AUGLÝSING

## um Evrópusamning um greiðslu námsstyrkja til námsmanna erlendis.

Hinn 16. febrúar 1971 var aðalritara Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi Evrópusamning um greiðslu námsstyrkja til námsmanna erlendis, sem gerður var í París hinn 12. desember 1969.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

**Fylgiskjal.**

### EVRÓPUSAMNINGUR

**um greiðslu námsstyrkja til námsmanna erlendis**

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa,

hafa hliðsjón af Menningarsáttmála Evrópu, sem undirritaður var í París hinn 19. desember 1954,

hafa hliðsjón af yfirlýsingu menntamálaráðherra Evrópu í ályktun nr. 4 á fjórðu ráðstefnu þeirra, sem haldin var í London 14. - 16. apríl 1964, er viðurkenndi nauðsyn þess að stuðla að skiptum á námsmönnum og einkum framhaldsnámsmönnum milli Evrópulanda og lét í ljós þá von, að ráðstafanir yrðu gerðar til að tryggja það, að áætlanir einstakra ríkja um fjárhagslegan stuðning við námsmenn skyldi einnig taka til námsdvalar í öðrum Evrópuríkjum,

álíta, að nám utan heimalands námsmanns muni stuðla að menningarlegum og fræðslulegum þroska námsmanns,

álíta, að hið menningarlega samfélag, sem fyrir hendi er meðal aðildarríkja Evrópuráðsins, sem undirritað hafa Menningarsáttmála Evrópu og annarra

### EUROPEAN

**agreement on continued payment of scholarships to students studying abroad**

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Having regard to the European Cultural Convention, signed at Paris on 19 December 1954;

Having regard to the declaration of the European Ministers of Education in Resolution No. 4 adopted at their 4th Conference, held in London on 14-16 April 1964, which, recognising the need to encourage exchanges of undergraduate and particularly post-graduate students between European countries, expressed the hope that steps would be taken to ensure that national programmes of financial support for students become equally applicable to periods of study in other European countries;

Considering that the practice of study in a country other than a student's home country is likely to contribute to a student's cultural and academic enrichment;

Considering that the fundamental cultural community existing among the member States of the Council of Europe signatory to the European Cultural

ríkja, sem gerzt hafa aðilar að honum, geri slíka framkvæmd mögulega,

álíta, að innan menningar- og menntunarsamfélags Evrópu, sem þau hafa hug á að byggja á enn traustari grunni, ætti svo sem mest má verða að vera frjálsræði námsmanna til að stunda háskólanám og rannsóknir sem víðast,

og hafa þau því komið sér saman um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Í samningi þessum:

a) Þýðir hugtakið „æðri námsstofnanir“:

i) Háskólar.

ii) Aðrar æðri námsstofnanir, sem viðurkenndar eru vegna samnings þessa af réttum stjórnvöldum samningsaðila, þar sem þær eru staðsettar.

b) Skal hugtakið „námsstyrkur“ þýða allar tegundir beins fjárhagslegs styrks, sem veittur er námsmönnum fyrir eða eftir háskólapróf og veittur er af ríkinu eða öðru yfirvaldi, þ. á m. styrk til greiðslu námsgjalda, dvalarkostnað og námslán.

2. gr.

Að því er samning þennan varðar skal greint á milli aðildarríkja með hliðsjón af því, hvort yfirvald, sem bært er til að fjalla um veitingu námsstyrkja, er:

a) ríkið,

b) önnur yfirvöld,

c) ríkið og/eða önnur yfirvöld eftir atvikum.

3. gr.

Námsstyrkur, sem samningsríki hefur veitt og heyrir undir (a) lið 2. gr., í því skyni að gera námsmanni, sem er þegn þess samningsríkis, fært að stunda nám eða rannsóknir við æðri menntastofnun á landssvæði þess samningsríkis, skal greiddur áfram, ef námsmanni er veitt heimild að ósk sinni og með samþykki

Convention and the other States which have acceded thereto, makes such a practice possible;

Considering that within the European cultural and educational community, which they desire to establish on an even firmer basis, there should be, to the greatest extent possible, free movement for persons pursuing university studies or research,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purpose of this Agreement:

a) The term "institutions of higher education" shall denote:

i) universities;

ii) other institutions of higher education recognised for the purpose of this Agreement by the competent authorities of the Contracting Party in whose territory they are situated;

b) The term "scholarship" shall denote all forms of direct financial support granted to students, undergraduate and post-graduate, provided by the State or other authority, including grants towards the payment of fees, maintenance awards and study loans.

Article 2

For the purpose of this Agreement, a distinction shall be drawn between Contracting Parties according to whether the authority competent in their territory to deal with the award of scholarships is:

a) the State;

b) other authorities;

c) the State and/or other authorities, as the case may be.

Article 3

A scholarship that has been awarded by a Contracting Party falling within the category mentioned in sub-paragraph (a) of Article 2, for the purpose of enabling a person being a national of such Contracting Party to undertake a course of study or research at an institution of higher education in the territory of such

þeirra, sem hafa yfirumsjón með námi hans eða rannsóknum, til að stunda það nám eða rannsóknir við æðri menntastofnun á landssvæði annars samningsríkis.

Contracting Party, shall continue to be paid if that person is admitted, at his request and with the approval of the authorities supervising his studies or research, to pursue the said course of study or research in an institution of higher education in the territory of another Contracting Party.

4. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal talið hafa áhrif á gildandi reglur og reglugerðir varðandi aðgang námsmanna að æðri menntastofnunum eða skilyrði yfirvalda, sem námsstyrk veita, að því er varðar fullnægjandi ástundun eða tímalengd náms eða rannsókna, sem styrkur er veittur til eða endurnýjaður fyrir.

Article 4

Nothing in this Agreement shall be deemed to affect the prevailing rules and regulations concerning the admission of students to institutions of higher education, or the requirements of authorities awarding scholarships with regard to the satisfactory pursuance or the duration of the course of study or research for which the award is made or for which it is renewed.

5. gr.

1. Samningsríki þau, sem heyra undir flokk þann, sem nefndur er í (b) lið 2. gr., skulu senda texta samnings þessa til yfirvalda á landssvæði þeirra, sem fjalla um mál varðandi veitingu námsstyrkja og stuðla að því, að þau taki til velviljaðrar athugunar og framkvæmdar meginreglu þá, sem lýst er í 3. gr.

2. Samningsríki, sem heyra undir flokk þann, sem nefndur er í (c) lið 2. gr., skulu framkvæma ákvæði 3. gr., þegar ríkið er sá aðili, sem fjallar um veitingu námsstyrkja, og ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar, þegar ríkið er ekki hinn rétti aðili.

Article 5

1. Contracting Parties falling within the category mentioned in sub-paragraph (b) of Article 2 shall transmit the text of this Agreement to the authorities competent in their territory to deal with matters pertaining to the award of scholarships and shall encourage the favourable consideration and application by them of the principle set out in Article 3.

2. Contracting Parties falling within the category mentioned in sub-paragraph (c) of Article 2 shall apply the provisions of Article 3 where the State is the authority competent to deal with the award of scholarships, and the provisions of paragraph 1 of this Article where the State is not the competent authority in this matter.

6. gr.

Sérhverju samningsríki er heimilt með tilkynningu til aðalritara Evrópuráðsins að lýsa því yfir, að það vilji láta ákvæði samnings þessa ná til annarra en þeirra, sem tilgreindir eru í 3. gr.

Article 6

Any Contracting Party may, by notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe, declare that it will extend the application of this Agreement to persons other than those specified under Article 3.

7. gr.

1. Samningur þessi skal liggja fyrir til undirritunar af hálfu aðildarríkja

Article 7

1. This Agreement shall be open to signature by the member States of the

Evrópuráðsins, og geta þau orðið aðilar annaðhvort með:

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt, eða

b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt og síðan með fullgildingu eða samþykkt.

2. Fullgildingarskjöl og aðildarskjöl skulu afhent aðalritara Evrópuráðsins til vörzlu.

8. gr.

1. Samningur þessi skal taka gildi einum mánuði eftir þann dag, er 5 aðildarríki Evrópuráðsins hafa gerzt aðilar að samningnum í samræmi við ákvæði 7. gr.

2. Að því er varðar aðildarríki, sem undirrita samninginn síðar, án fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt, eða fullgilda hann eða samþykkja, skal samningurinn ganga í gildi einum mánuði eftir dagsetningu slíkrar undirritunar eða afhendingar fullgildingar- eða samþykktarskjals.

9. gr.

1. Þegar samningur þessi hefur tekið gildi:

a) getur ríki, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, en er aðili að Menningarsáttmála Evrópu, sem undirritaður var í París hinn 19. desember 1954, gerzt aðili að samningi þessum,

b) getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið sérhverju öðru ríki, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, að gerast aðili að samningi þessum.

2. Slík aðild skal framkvæmd með því að afhenda aðalritara Evrópuráðsins aðildarskjal, og skal aðild taka gildi einum mánuði eftir að skjalið er afhent til vörzlu.

10. gr.

1. Sérhvert ríki, sem undirritar, getur við undirritun, og sérhvert ríki, sem gerist aðili við afhendingu aðildarskjals síns,

Council of Europe, who may become Parties to it either by:

a) signature without reservation in respect of ratification or acceptance; or

b) signature with reservation in respect of ratification or acceptance, followed by ratification or acceptance.

2. Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 8

1. This Agreement shall enter into force one month after the date on which five member States of the Council of Europe shall have become Parties to the Agreement, in accordance with the provisions of Article 7.

2. As regards any member State who shall subsequently sign the Agreement without reservation in respect of ratification or acceptance or who shall ratify or accept it, the Agreement shall enter into force one month after the date of such signature or after the date of deposit of the instrument of ratification or acceptance.

Article 9

1. After the entry into force of this Agreement:

a) any non-member State of the Council of Europe which is a Contracting Party to the European Cultural Convention, signed at Paris on 19 December 1954, may accede to this Agreement;

b) the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any other non-member State to accede to this Agreement.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect one month after the date of its deposit.

Article 10

1. Any signatory State, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification or acceptance, or any

ákveðið landssvæði það eða þau, sem samningur þessi skuli taka til.

2. Sérhvert ríki, sem undirritar, getur við afhendingu fullgildingar- eða samþykktarskjals síns eða hvenær sem er eftir það, og sérhvert ríki, sem aðili gerist við afhendingu aðildarskjals síns eða síðar, með yfirlýsingu til aðalritara Evrópuráðsins ákveðið, að samningur þessi skuli ná til annars landssvæðis eða landssvæða, sem greind eru í tilkynningunni og það ber ábyrgð á fyrirsvari fyrir eða hefur umboð til að gera skuldbindingar fyrir.

3. Tilkynningu, sem gefin hefur verið samkvæmt undanfarandi málsgrein varðandi landssvæði, sem tilgreind eru í henni, má afturkalla í samræmi við ákvæði 11. gr. þessa samnings.

11. gr.

1. Samningur þessi skal gilda um óákveðinn tíma.

2. Samningsríki getur sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalritara Evrópuráðsins.

3. Slík uppsögn skal taka gildi sex mánuðum eftir að aðalritari hefur viðurkennt móttöku slíkrar tilkynningar.

12. gr.

Aðalritari Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og sérhverju ríki, sem gerzt hefur aðili að samningnum, um:

a) sérhverja undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt,

b) sérhverja undirritun með fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt,

c) afhendingu fullgildingar-, samþykktar- eða aðildarskjals,

d) sérhverja gildistöku samnings þessa í samræmi við 8. gr. samningsins,

acceding State, when depositing its instrument of accession, may specify the territory or territories to which this Agreement shall apply.

2. Any signatory State, when depositing its instrument of ratification or acceptance or at any later date, or any acceding State, when depositing its instrument of accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, may extend this Agreement to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn according to the procedure laid down in Article 11 of this Agreement.

Article 11

1. This Agreement shall remain in force indefinitely.

2. Any Contracting Party may, in so far as it is concerned, denounce this Agreement by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

3. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

Article 12

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to this Agreement, of:

a) any signature without reservation in respect of ratification or acceptance;

b) any signature with reservation in respect of ratification or acceptance;

c) the deposit of any instrument of ratification, acceptance or accession;

d) any date of entry into force of this Agreement in accordance with Article 8 thereof;

e) sérhverja yfirlýsingu, sem móttekin er samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 2. og 3. mgr. 10. gr.,

f) sérhverja tilkynningu, sem móttekin er samkvæmt ákvæðum 11. gr., og dag þann, sem uppsögnin tekur gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í París hinn 12. desember 1969 á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem skal vera í vörzlu skjalasafns Evrópuráðsins. Aðalritari Evrópuráðsins skal senda staðfest afrit til hvers ríkis, sem undirritað hefur eða gerzt aðili.

e) any declaration received in pursuance of the provisions of Article 6 and of paragraphs 2 and 3 of Article 10;

f) any notification received in pursuance of the provisions of Article 11 and the date on which denunciation takes effect.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Paris, this 12th day of December 1969, in English and French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

Nr. 13. 18. maí 1971.

# AUGLÝSING

## um samning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Hinn 18. marz 1971 var undirritaður í Bonn samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir. Samningurinn gengur í gildi á þrítugasta degi eftir að skipzt hefur verið á fullgildingarskjölum.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. maí 1971.*

**Emil Jónsson.**

***Pétur Thorsteinsson.***